

**Mál nr. 120/2018****M og  
V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um bótaskyldu..****Gögn.**

Málskot, dags. 12.04.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 24.04.2018 ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Eldur kviknaði í bifreiðinni A sem eyðilagðist í brunanum og gerði M kröfu um bætur hjá V. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að kveikt hafði verið í bifreiðinni og að bifreiðin hafði verið ólæst. M var viss um að hann hefði læsti bifreiðinni og vissi ekki hvernig stóð á því að hún var ólæst.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli varúðarreglu 8.4. í skilmálum váttryggingarinnar þar sem gert er að skilyrði að bifreið sé læst svo tjón sé bótaskyldt.

**Álit.**

Í skilmálum kaskótryggingarinnar grein 8.4. kemur fram að váttryggðum og þeim sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða ber að gæta þess að hafa ökutækið læst þegar það er ekki í notkun og geyma lykla þess og annan opnunarbúnað á öruggum stað. Þar sem bifreiðin var ólæst þegar kveikt var í henni á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík, 22. maí 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.